



Fundargerð 95. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 27. ágúst 2015 kl 11:30 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Gunnar S. Gunnarsson, Gylfi Ingvarsson, Andrés Bjarnason, Sigurður Gunnar Benediktsson og Guðni Þór Elísson.

Í gengnum fjarfundabúnað: Guðmundur Sigurvinsson og Jón Jóhannsson.

Fjarverandi: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Sævar Örn Kristjánsson og Þorsteinn Hjálmarsson

Dagskrá:

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 94
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Fundur með FIT
4. 100 ára afmæli Vélskóla Íslands
5. Uppbygging Orlofsaðstöðu VM
6. Vinnudeilusjóður
7. Lagt fram til upplýsingar
9. Önnur mál

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 94.

Fundargerð samþykkt og undirrituð.

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

Kjarasamningaviðræður eru komnar á fullt skrið eftir sumarfrí. Ísal samningurinn er kominn á hættulegt stig, fundur var með stjórnendum í gær. Möguleiki að Ríkissáttasemjari komi með miðlunartillögu. Búið er að funda fjórum sinnum með SA vegna almenna sammingsins. Við lögðum strax fram okkar kröfur. Fórum fram á eina upphafshækkun og enga launaþróunartryggingu, að taxtar verði hækkaðir og breytingar á orlofsrétti. Næsti fundur verður á mánudaginn. Búið er að fara hringinn á orkufyrirtækjunum og þau ætla ekki að fara þessa launaþróunar leið. Öðrum kjarasamningum er verið að vinna í. Golfmótið heppnaðist vel að vanda og formleg opnun tjaldsvæðisins í júní tókst vel. Ýmis vandamál sem komu upp vegna fjölgunar á svæðinu sem verða leyst.

3. Fundur með FIT

Reynt var að fá fund með FIT eftir að þeir settu vélfræðinga inn í launatöfluna hjá sér en tókst ekki, gerð verður önnur tilraun.

4. 100 ára afmæli Vélskóla Íslands

Afmæli skólans var rætt á síðasta eða þarsíðasta fundi og þá var samþykkt að gefa þeim gjöf ef einhver fengist með. Ekki hefur tekist að fá neinn með okkur í þetta en við erum

komin með tilboð frá öðru fyrirtæki sem er hagstæðara en síðasta. Lagt var til að VM gefi skólanum þessa vél. Samþykktu jafnframt að gefa skólanum þessa skilvindu.

5. Uppbygging Orlofsaðstöðu VM

Lögð var fram samantekt á kostnaði sem hefur verið við nýframkvæmdir á Laugarvatni síðustu ár. Heildarkostnaður er kominn í 54 millj. Lögð voru fram fjögur tilboð sem komin eru vegna byggingar fjögurra húsa á svæðinu.

6. Vinnudeilusjóður

Ljóst er að við þurfum að leita leiða til að efla vinnudeilusjóðinn til að vera í stakk búin til að fara í verkföll.

7. Lagt fram til upplýsingar

Lagði voru fram pappíra vegna máls sem er í gangi varðandi starfsmannaleigu. Lögreglan er í málinu.

Beiðni um styrk vegna sögu Alþýðusambands Vestfjarða barst félaginu. Beiðninni var hafnað.

8. Önnur mál

Engin

Fundi slitið kl. 13:58